

- ½ (1/1) Ultradil plain (Schering, 1558)
- ½ (1/1) Ultralan (Schering, 341)
- ½ (1/1) Ultralan Fatty (Schering, 1574)
- ½ (1/1) Ultralan plain (Schering, 726)

Peir, sem njóta eiga fullrar endurgreiðslu greindra lyfja, skulu framvísa í lyfjabúðum sérstöku skirteini útgefnu af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi.

Sama gildir um önnur lyf, sem samkvæmt skýringum við Sérlyfjaskrá, Lyfja-verðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972, og Lyfja-verðskrá I frá 10. júlí 1973, skulu greiðast að fullu í ákveðnum tilvikum með samþykki trúnaðarlæknis samlags.

Greint skirteini skal bera með sér hvaða lyf eða flokkar lyfja greiðist að fullu, sé þeim ávísað á nafngreindan sjúkling.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. janúar 1974.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grimsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún,  
nr. 277 20. október 1968.

### 1. gr.

VI. kafli orðist þannig:

**Um gjöld til hafnarinnar.**

### 16. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjald og bryggjugjald eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

- a) Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og fiskiskip stærri en 399 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b) Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c) Fiskiskip undir 400 rúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó eigi oftari en tvisvar í mánuði.
- d) Heimabátar, undir 10 rúmllestum greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00.

Gjaldldagi er 1. apríl eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

### 2. gr.

17. grein orðist þannig:

**Um bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10 til 399 brúttórúmlestir greiða gjald þetta eigi oftár en 10 sinnum í mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem ársgjald í heimahöfn kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

### 3. gr.

23. grein orðist þannig:

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tekur til, og greiða gjald eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 20.00 krónur. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarnefnd úrskurða.

### 4. gr.

24. grein orðist þannig:

#### Vörugjald.

#### Brotfluttar og aðfluttar vörur.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

- a) Vara flutt í lausu máli og miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolia, kol, korn, salt, vikur.
- b) Þungavarningur, þ. e. sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

- a) Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður, búsaðhöld og skófatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

- a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr og klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands má veita allt að 50% afslátt.

- b) Vörur, sem ekki eru flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 23. janúar 1974.*

**Björn Jónsson.**

**Kristinn Gunnarsson.**